



Sameiginlegur fundur framkvæmda- og félagastjórnar Sósíalístaflokks Íslands – fundargerð

Sameiginlegur fundur framkvæmdar- og félagastjórnar fór fram þann 22. október, klukkan 19:00-20:20, í Hlutverkasetri.

Mætt voru: Reinhold Richter, Páll B. Sigurvinsson, Auður Traustadóttir, Bogi Reynisson, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Gunnar Smári Egilsson, Laufey Ólafsdóttir, Elsa Björk Harðardóttir og Viggó K. Jóhannsson.

Sanna Magdalena Mörtudóttir ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðustu funda

Fundargerðir síðustu funda voru lagðar fram og verða bornar upp til samþykktar á næsta fundi.

2. Uppbygging sella; m.a. Hólavellir, Höfnin, Gullinbrú, Þingholt

Uppbygging sella hefur gengið vel í tveimur hverfum stjórnarmeðlima og fyrstu hittingar þar eru framundan. Stefnt er að uppbyggingu sella í fleiri hverfum.

3. Uppbygging annars félagsstarfs (Stéttabaráttan, Sósíalístakaffi, Stúdentafélag sósíalista, Öldungaráð sósíalista o.fl.)

Umræður fóru fram um félagsstarf innan *Stéttabaráttunnar* þar sem meðlimir innan stjórnar hafa verið virkir á þeim vettvangi. Ákveðið var að halda áfram á þeirri braut og móta skýra sýn fyrir framtíðaruppbyggingu. Framundan er uppbygging stúdentafélags sósíalista, þar sem félagar innan flokksins hafa lýst yfir áhuga á slíku félagsstarfi. Umræður fóru einnig fram um stofnun öldungarráðs sósíalista þar sem formanni framkvæmdarstjórnar var falið að tala við áhugasama.

4. Fjölgun félaga, aðgerðir

Umræða fór fram um mikilvægi þess að uppsetning heimasíðunnar væri aðgengileg, þ.m.t. skráningarhnappurinn.

5. Stuðningur við endurreisn almennasamtaka; Maístjarnan

Samþykkt var að stofna nýjan reikning sem væri sjóður fyrir hagsmunabaráttu hinna verr settu. Þessum sjóði var gefið heitið *Maístjarnan*. Ákveðið var að færa stuðning borgarinnar til borgarstjórnarflokks Sósíalista, inn í þennan sjóð en hann var rúmar 900.000 krónur.

Fleira fór ekki fram.